

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. júlí 2022
UST202207-061/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Dýpkun á Grynslunum – Hornafjörður. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að dýpka grynningar framan við Hornafjarðarós. Ráðist er í þessa framkvæmd til að kanna hvort dæling þarna tryggji siglingar um þetta svæði til frambúðar, en einnig vegna þess að ný fiskiskip eru orðin það stór að þau eiga í erfiðleikum með að komast í höfnina að öllu óbreyttu. Fyrirhugað er að taka um 300.000 m³ af sandi og verður þessu efni varpað í hafið.

Fram kemur í greinargerð að á efnislosunarsvæðinu sé fábreytt botndýralíf enda eru þarna miklir efnisflutningar og öldurót sem valda því að botndýr eiga erfitt uppdráttar.

Gert er ráð fyrir að sótt verði um leyfi Umhverfisstofnunar vegna varps í hafið.

Umhverfisstofnun telur að miðað við aðstæður á dýpkunar- og efnislosunarsvæðum sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur